



GRUNDARTANGI ehf.
PRÓUNARFÉLAG

Viljayfirlýsing vegna grænnar atvinnuuppbyggingar á Grundartanga

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Elkem Ísland ehf., Þróunarfélag Grundartanga ehf. og Orkuveita Reykjavíkur sef. ásamt dótturfélögum sínum Orku náttúrunnar ohf. og Carbfix hf., hyggjast vinna í sameiningu að því að auka umsvif loftslagsvænnar atvinnustarfsemi á Grundartanga og horfa m.a. til eftirfarandi verkefna:

- Uppbygging varmavirkjunar og nýting glatvarma frá Elkem fyrir nýja og fjölbreytta starfsemi.
- Föngun og binding kolefnis frá útblæstri Elkem sem eykur samkeppnishæfni iðnaðar og skapar grundvöll til sölu á hágæða kolefniseiningum.

Viljayfirlýsing þessi er gerð með hliðsjón af áherslum ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og þeirri framtíðarsýn sem lögð hefur verið til grundvallar atvinnustefnu stjórnvalda, að Ísland sé samfélag þar sem verðmætasköpun er knúin áfram af sjálfbærri nýtingu auðlinda og kröftugum vexti útflutnings í atvinnugreinum með háa framleiðni.

Aðilar að yfirlýsingunni setja á fót samráðshóp sem mun kortleggja sóknarfæri, áskoranir og óvissupætti vegna verkefna á Grundartanga.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið lætur framkvæma úttekt á lagaumhverfi og regluverki er lýtur að orkuendurnýtingu og föngun og bindingu kolefnis með tilliti til hvort tilefni sé til breytinga vegna framkvæmda sem tengjast uppbyggingu grænna iðngarða á Íslandi.

Viljayfirlýsing þessi tekur gildi við undirritun og gildir í tólf mánuði nema annað verði ákveðið sameiginlega. Yfirlýsingin felur ekki í sér lagalegar skuldbindingar eða fjárhagslegar ábyrgðir fyrir aðila heldur lýsir hún sameiginlegum vilja þeirra til að vinna að framangreindu. Hver aðili tekur sjálfstæðar ákvarðanir um þátttöku sína í hugsanlegum aðgerðum sem kunna að leiða af vinnunni.

Undirritað á Grundartanga, 13. nóvember 2025.

Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
F.h. umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis

Guðjón Steindórsson, framkvæmdastjóri
F.h. Þróunarfélags Grundartanga ehf.

Alfreður Ágústsson, forstjóri
F.h. Elkem Ísland hf.

Árni Hrannar Haraldsson, framkvæmdastjóri
F.h. Orku náttúrunnar ohf.

Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri
F.h. Orkuveitu Reykjavíkur sef.

Edda Sif Aradóttir, framkvæmdastýra
F.h. Carbfix hf.